

varpsins var breytt í „til kennslustofnunarinnar” (í 2. grein tilskipunarinnar).

1872.

26. febrúar.

Eptir að húíð var að breyta frumvarpinu samkvæmt þessu á þá leið, að því var skipt í þrjárgreinir, og bætt við í 3. grein á eptir orðunum „foreldrar þeirra” þessu: „eða aðrir vandamenn”, og lagaboðið kallað „tilskipun”, lagði stjórnarráðið til í þegnlegri skýrslu sinni um frumvarpið, að það yrði gjört að lögum.

## 22. Tilskipun handa Íslandi, um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum. (á Íslenzku og Dönsku).

26. febrúar.

Vér Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar handa Íslandi um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

### 1. grein.

Af allskonar víni og brennivíni eða þessháttar tilbúnum áfengum drykkjum, sem flytjast til Íslands, skal greiða aðflutningsgjald, 8 sk., af hverjum potti, ef þeir eru fluttir á ánum, tunnum, eða öðrum stórum flátum, en sè þeir tappaðir á flöskur, krukkur, brúsa eða þesskonar ílát, skal greiða 8 sk. af hverjum 3 pelum.

Gjald þetta rennur í landssjóðinn.

### 2. grein.

Þegar skip, sem á að kaupa leiðarbréf eða greiða lestagjald það, sem ákveðið er með lögum 15. apríl 1854, kemur á íslenzka höfn með vörur, sem greiða á gjald af samkvæmt 1. gr., má ekki byrja að afferma það, áður en húíð er að greiða gjaldið. Eigi ekki að afferma skipið á þeim stað, þar sem á að sýna lögreglustjóranum leiðarbréfið og hin önnur skipaskjöl, sem getið er um í tæðum lögum, skal samt greiða honum gjaldið af öllum þeim vörum í skipinu, sem eru af áður nefndri tegund, — þó að undanskildu því, sem haft er meðferðis handa skipverjum sjálfum,



1872. — áður en skipaskjölunum er skilað aptur. Um það, að gjaldið sé  
26. febrúar. borgað, skal lögreglustjóri rita vottorð á skipaskjölin.

Til þess að ákveða gjaldið skal farið eptir vöruskrá þeirri eða tollskrá, sem skipið á að hafa meðferðis samkvæmt lögum 15. apríl 1854 8. gr., og er þar að auki hver skipstjórnarmaður skyldur til að gefa skriflegt vottorð uppá sína æru og trú um það, að ekki sé í skipinu aðrar nè fleiri af hinum nefndu vörum, sem gjalda þarf af, en þær, sem eru ritaðar á vöruskrána eða hina dönsku tollskrá, og svo um það, hve mikið af því, sem aðflutt er, sé ætlað handa skipverjum sjálfum.

Sömuleiðis er hver sá, sem tekur við slíkum vörum, skyldur til, er lögreglustjóri krefst þess, uppá sína æru og trú að gefa allar þær skýrslur, sem lögreglustjóra þykir við þurfa til þess hann geti framkvæmt eptirlit það, sem hann á að hafa á því, að gjaldið verði greitt.

### 3. grein.

Sè í vöruskránni eða tollskránni skýrt ógreinilega frá vörum þeim, sem hær er um rædt, eða sé ástæða til að efast um, að skýrslan sé rétt, á lögreglustjóri að láta rannsaka farminn, og hafa gætur á, eins og með þarf, um afferming skipsins. Kostnaðinn við þetta skal skipstjórnarmaður og, ef við þarf, einnig eigandi farmsins borga, sé hann viðstaddur, að öðrum kosti umboðsmaður hans, ef það reynist, að skýrslan hefir verið ónákvæm, en ella skal kostnaðurinn goldinn úr opinberum sjóði.

### 4. grein.

Verði vörur, sem gjalda skal af, fluttar á íslenska höfn á skipum, sem eigi þurfa að taka leiðarbréf, eða borga lestagjald það, sem ákveðið er í lögum 15. apríl 1854, skal skipstjórnarmaður eða afgreiðslumaður skipsins, ef vissa er fyrir því, að sá maður sé þar á staðnum, áður en vörur þær, sem tollur hvílir á, eru fluttar í land, senda hlutaðeiganda lögreglustjóra hleðsluskjöl þau eða tilvísunarbréf, sem snerta hinar greindu vörur, sem gjalda skal af, og gjöra ráðstafanir þær, sem með þarf, til þess að gjaldið verði borgað, áður en vörurnar eru fengnar þeim, sem við á að taka. Um það, hvernig reikna eigi út gjaldið, og um borgun



1872.

26. febrúar.

á því, skal að öðru leyti farið eptir því, sem fyrir er mælt í 2. grein.

Sè búið að láta vörurnar af hendi, þegar svo stendur á, sem hér er sagt, án þess að sá, sem veitti þeim móttöku, á undan hafi fengið kvittun hlutaðeiganda fyrir því, að búið sè að greiða gjaldið, skal hann innan þriggja daga frá því, að hann hefir tekið við þesskonar vörum, sem gjalda þarf af, gefa hlutaðeiganda lögreglustjóra þetta til vitundar, og greiða það gjald, sem á vörunum hvílir, eptir því, sem fyrir er mælt að framan.

## 5. grein.

Verði nokkur uppvís að því, að hafa annaðhvort sagt rangt til um hvernar tegundar þær vörur eru, sem hann hefir tekið við eða sem honum voru ætlaðar, og gjald hvílir á, eða um það, hve mikið var af þeim, eða hann hefir látið hjá líða, að segja til um aðflutning þesskonar vöru samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 4. grein, skal hann, ef brot hans varðar ekki þyngri hegningu eptir lögunum, sæta sektum, sem sè tvöfaldar við þá upphæð gjaldsins, sem hann með svofelldu móti hefir reynt til að draga undan, og skal hann þar að auki greiða gjald það af vörunum, sem ákveðið er í 1. gr.

## 6. grein.

Sá skipstjórnarmaður, sem brýtur móti banni því, sem gjört er í 2—4. gr. gegn afferming skipa, áður en búið er að greiða gjald það, sem hér er verið að ræða um, eða að öðru leyti verður brotlegur í því, sem honum er gjört að skyldu með tilliti til borgunar gjaldsins, skal, ef brot hans varðar ekki þyngri hegning eptir lögum, sæta sektum frá 10 til 100 rd., og verði hann sekur á ný, skulu sektirnar tvöfaldast.

## 7. grein.

Hinar aðfluttu vörur, sem gjalda á af, skulu vera að vði fyrir því, að bæði gjaldið og sektirnar verði borgaðar, og hefir eigandinn ekki rétt til þess að ráða yfir þeim, fyr en búið er að greiða gjöld þessi. Lögreglustjórinn hefir vald til að gjöra þær ráðstafanir í þessu efni, sem með þarf, einkum með því að kyssetja vörurnar, og, ef ekki er borgað, selja þær til lúkningar gjöldum þeim og sektum, sem á eru fallnar.



1872.

26. febrúar.

## 8. grein.

Ef hlutaðeigandi ekki krefst þess, að málinu sé vísað til dómstólanna, getur amtmaður ákveðið sektirnar. Sé málinu vísað til dómstólanna, skal fara með það sem opinbert lögreglumál.

Landshöfðingi hefir vald til, þegar ástæða finnst til þess í einstöku tilfellum, að lækka sektirnar.

## 9. grein.

Sektir þær, sem nefndar eru í 5. grein, skulu renna í hinn íslenska landssjóð, nema því að eins að einhver með frásögn sinni hafi komið því til leiðar, að hið drygða afbrot kemst upp, og skal hann þá hafa helming þeirra. Sektirnar eptir 6. gr. renna allar í landssjóð.

## 10. grein.

Fyrir heimtingu á tollgjöldum þeim, sem mælt er fyrir um í 1. gr., og á sektum þeim, sem á eru lagðar samkvæmt 5. og 6. gr., skal lögreglustjóri, sem í hlut á, gjöra reikning eptir þeim reglum, sem hlutaðeigandi stjórnarráð eða landshöfðingi eptir undirlagi þess ákveður nákvæmar.

Af upphæð alls gjaldsins fær innheimtumaður 2 %.

## 11. grein.

Þangað til settur verður landshöfðingi á Íslandi, skal stiptamtmaður hafa það vald, sem með þessari tilskipun er falið landshöfðingja á hendur.

## 12. grein.

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. dag júlím. 1872.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

### Ástæður fyrir lagaboði þessu<sup>1</sup>.

Fyrir alþingi 1865<sup>2</sup> lagði stjórnin frumvarp til laga um brennivínsverzlun og brennivínsveitingar á Íslandi, og var í því frumvarpi stungið

<sup>1</sup>) Tiðindi frá alþingi 1871, I., 7, 13, 15, 381—412, 473—506 og 642; II., 90—100, 283—288, 310—316 og 379—385.

<sup>2</sup>) Tiðindi frá alþingi 1865, II., 129.



1872.

26. febrúar.

uppa, að fá skyldi leyfisbréf til brennivínsverzlunar eða brennivínsveitinga fyrir ákveðið gjald. Þingið ræði frá þessari tilhögun, einkum sökum þess, að tími þótti síður hentugur til að gefa út ný skattalög, sem væri sèrstakleg fyrir Ísland, ámeðan fjárhagsviðskipti Íslands við konungsríkið væri óútkljáð, og svo vegna þess, að tekjurnar, sem með þessu fengist, yrði of litlar, en gjaldið kæmi ójafnt á, og yrði einkum þungbært fyrir smákaupmenn. Alþingi áleit betra að koma málinu fyrir á þann hátt, að lagður yrði beinlínis tollur á hvern brennivínspott, sem seldur væri á Íslandi. Samkvæmt ósk alþingis var þá frestað, að koma málinu lengra á leið.

Eptir að stjórnin hafði lagt fyrir ríkisþingið 1870—71 frumvarp til laga um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, kom það til yfirvegunar, hvernig auka skyldi tekjur Íslands, ef ríkisþingið féllist á fyrirkomulag það á fjárhagsviðskiptum Íslands og Danmerkur, sem ætlazt var til með því lagafrumvarpi; var það þá næst fyrir hendi, að leggja gjald á brennivín, og eptir að dómsmálastjórnin hafði leitað álits um þetta mál hjá stiptamtanninum yfir Íslandi, samdi hún frumvarp til tilskipunar handa Íslandi um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, sem svo var lagt fyrir alþingi 1871; þingið ræddi frumvarpið á lögboðinn hátt, og skýrði frá áliti sínu um það, eins og hér segir.

Þótt alþingi viðurkenndi, að bráð nauðsyn væri til að fá tekjur landsins sem fyrst auknar, og játaði að það gæti ekki sæð annan veg jafnhaganlegan til að auka tekjurnar, varð þó meiri hluti þingsins á þeirri skoðun, að þar sem í 11. grein væri svo til ætlazt, að frumvarpið næði lagagildi 1. apríl. 1872, þá væri þessi tími ekki sem hæfilegast til tekinn, því það þótti ísjárvert, að leggja stórkostlega tolla á landið, meðan það hefði eigi fullt atkvæði um, hvernig þessum tollum yrði varið, og það því fremur, sem þingið vonaðist eptir, að þess yrði eigi langt að bíða, að þingið fengi þetta fjárforræði. Hinar helztu breytingar, sem alþingi hefir stungið uppá og snerta efni frumvarpsins, skulu hér taldar:

Við 1. grein.

Við fyrra kafla þessarar greinar fann þingið ekkert athuga-



1872.

26. febrúar.

vert, nema hvað það ræði til, að í stað orðanna, „þesskonar trè-  
 flátum“ sè haft „öðrum stórum flátum“, til þess að koma í veg  
 fyrir þann ágreining, sem af því kynni að rísa, ef verzlunarmenn  
 færi að flytja vín eða brennivín í blikk- eða járnkössum. Þó  
 þingið yrði að játa, að sú aðalregla frumvarpsins, að leggja jafnt  
 gjald á allar vintegundir, gjörði eptirlitið hægst, gæti það þó  
 ekki leidd hjá sér að gjöra undantekning frá þessari reglu með  
 óblandaðan spiritus, því yrði ekki hærri tollur lagður á hann, en  
 brennivín, mundi mega ganga að því vísu, að kaupmenn flytti því  
 meira hingað af honum en því, og blönduðu hann síðan með  
 vatni, en af þessu mundi leiða, að þeir slyppi að miklu leyti hjá  
 tollgjaldinu, en flytti landsmönnum enn verri og óheilnæmari drykk,  
 og þótti þinginu því hæfilegt, að tvöfalda tollinn á spiritus. Sömu-  
 leidis virtist þinginu ástæða til, að sleppa ekki aðfluttum bjór und-  
 an tollgjaldinu, með því talsvert flyttist af honum til landsins, og  
 þótti hæfilegt að stinga uppá 4 sk. af hverjum potti. Þingið gat  
 ekki álitid, að þessi mismunandi tollupphæð mundi gjöra eptirlitið  
 ókljúfandi eða miklu örðugra, og það því síður, sem í 3. grein  
 frumvarpsins væri gjört ráð fyrir, að þegar svo bæri undir þyrfti  
 hvort sem væri að rannsaka farminn, og í 5. grein væri sektir  
 við lagðar, ef rangt væri sagt til um, hvernar tegundar hann væri,  
 með því líka, hvað spiritus snerti, mundi eigi vera hægt, að blanda  
 margar tunnur af honum með vatni án þess það kæmist upp.  
 Svo leizt og þinginu, að síðari málsgrein þessarar greinar ætti  
 alveg að falla burt, þaræð tollurinn virtist fullhátt tiltekinn fyrst  
 um sinn, þó þeir þar umgetnu 4  $\frac{1}{10}$  felli burt, og sýndist sann-  
 gjarnara, að bæði sá kostnaður, sem hljótast kynni af málaferlum  
 útaf grun um tollsvik, og líka laun tollheimtumanna, skyldi goldin  
 af upphæð alls tollsins. Þó það væri tekið fram í ástæðunum  
 fyrir frumvarpinu, og enginn efi væri á því, að gjaldið skyldi  
 renna í landssjóð, þótti þinginu þó réttara, að frumvarpið sjálft  
 bæri þetta ljóslega með sér, og því stakk þingið uppá, að aptan  
 við 1. grein frumvarpsins og í stað hinnar umgetnu síðari málsgreinar  
 verði bætt þessari ákvörðun: „Gjald þetta rennur í  
 landssjóð“.



1872.

26. febrúar.

## Við 2. grein.

Í þessari grein sýndist þinginu, að setningin: „þó að undanskildu því, sem þarf handa skipverjum sjálfum“, væri óþörf, þar-  
eð ekki mundi vani, að setja útgjörð handa skipverjum á vöru-  
skrár þær, sem fylgja ætti með hverjum farmi, og féllst því þingið  
á, að þessari setningu yrði sleppt, og einnig á það, sem af þessu  
leiðir, að niðurlag annars kafla greinarinnar yrði fellt úr, sem væri  
þessi orð: „og svo um það, hve mikið af því, sem flutt er, sè ætlað  
handa skipverjum sjálfum“.

## Við 3. grein.

Af því að flestir hinna stærri kaupmanna, sem verzlðu hér  
við land, væri búsettir erlendis, og væri því sjaldan sjálfir hér til  
staðar, heldur hefði hér verzlunarstjóra, þótti þinginu nauðsynlegt  
að bæta inn í eptir orðin: „eigandi farmsins borga“, „sè hann  
við staddur, að öðrum kosti umboðsmaður hans“.

## Við 4—9 gr. gjörði þingið engar efnisbreytingar.

## Við 10. grein.

Af því að þingið hafði áður stungið uppá þeirri breytingu  
við 1. grein, að 4 % innheimtugjaldið skyldi falla burt á þann  
hátt, sem þar væri ráð fyrir gjört, þá yrði í þessarar greinar 1.  
málgrein einungis að tala um tollheimtuna, og því yrði að gjöra  
á henni þá breytingu, að fella úr orðið „bæði“, sömuleiðis orðin:  
„og innheimtulaunum“. Svo þótti þinginu betur hlýða, að í stað orðanna  
„hlutaðeigandi stjórnarráð“ í enda sömu málgreinar kæmi: „lands-  
stjórnin“, og að hún skyldi ákveða nákvæmar reglur þær, sem hér  
væri um að ræða.

Af þeim ástæðum, sem þingið hafði til greint við síðari máls-  
grein 1. greinar, áleit þingið, að síðari kaffi 10. greinar ætti  
þannig að orðast: „af upphæð alls gjaldsins fær innheimtumaður 4  
%, og af gjaldinu greiðist einnig kostnaður við umsón hins opinbera“.

## Við 11. grein.

Af þeim ástæðum, sem getið er að framan, skyldi þessi grein  
falla burtu. Þingið bað um, að frumvarpið yrði lögleidt með þeim  
breytingum, sem það hafði stungið uppá, en samt eigi fyr, en  
alþing hefði fengið löggjafarvald og fjárforræði.

Í álitsskjali sínu var konungsfulltrúi á þeirri skoðun, að



1872.  
26. febrúar.

uppástunga alþingis um það, að frumvarpið skyldi ekki ná lagagildi, fyr en alþingi væri búð að fá löggjafarvald og fjárforræði, miðaði til þess að kreppa að stjórninni í stjórnarbótarmálinu, og væri því engin ástæða til að taka hana til greina, og það því síður, sem alþing hefði játað, að nauðsyn bæri til, að gjaldið yrði lagt á. Konungsfulltrúi lagði því til, að frumvarpið yrði gjört að lögum sem fyrst, og gjörði jafnframt þær athugasemdir við breytingarnar í frumvarpinu frá hálfu alþingis, sem hér skal sagt frá.

Honum fannst, að hann yrði að mæla ámóti þeirri uppástungu alþingis, að leggja annað gjald á óblandaðan spiritus, en á brennivín; enda væri ekki sanngjarnt, að láta sér nægja að setja tollinn að eins með tvennu móti; en þótt gjaldið yrði að eins með tvennu móti, yrði samt að prófa allskonar innflutt brennivín, og væri ekki hægt að koma því við á Íslandi. Konungsfulltrúa fannst og, að vandkvæði þau, sem þingið vildi komast hjá með uppástungu sinni, væri ekki svo mikil, sem menn höldi, með því ráðvandur kaupmaður mundi varast að selja vatnsblandaðan spiritus eins og almennt brennivín, enda mundu kaupendur varla gefa svo mikið fyrir slík drykkjarföng, að þessi aðferð gæti borgað sig. Á hinn bóginn var konungsfulltrúi með því, að leggja gjald á öl; hann var jafnvel á þeirri skoðun, að ástæða væri til að leggja gjald á þær tegundir af öli, sem eigi yrði taldar með áfengum drykkjum, og stakk uppá, að á allskonar öli skyldi gjaldið vera 2 sk., annaðhvort af hverjum potti eða hverjum 3 pelum, eptir því, hvernig ílátid væri. Sömu leiðis var konungsfulltrúi samdóma alþingi í því, að í stað orðanna: „þesskonar tréílátum“ í 1. gr. yrði haft „öðrum stórum ílátum“, og í því, að ákvörðuninni um innheimtugjaldið í sömu grein yrði sleppt, og gjörð samsvarandi breyting á 10. grein, en samt virtist honum eigi vera ástæða til að hækka innheimtulaunin frá 2 % til 4 %, ef eigi yrði tekin til greina uppástungan um annað gjald á spiritusi, en á brennivíni, er fyrirhöfn tollheimtumanna þá væri minni. Konungsfulltrúi hafði ekki neitt ámóti breytingum þeim, sem alþing hafði stungið uppá við 2. og 3. gr. frumvarpsins, en eigi fannst honum, að breyta skyldi orðinu „hlutaðeigandi stjórnarráð“ í 10. grein, eins og alþing hafði farið fram á.



1872.

26. febrúar.

Að endingu lagði konungsfulltrúi til, samkvæmt því, sem getið var að framan, að 11. gr. hældist óbreytt, og skyldi því tilskipunin öðlast gildi 1. apríl. 1872; þó hún með svofelldu móti yrði eigi birt á manntalsþingum innan þess dags, mætti samt að álitum hans finna ráð til þess, að tilskipunin innan þess tíma yrði öllum kunn, sem hlut ætti að máli.

Útaf þessum uppástungum, einkum að því leyti, er snerti gjald á öli og hækkað gjald á óblönduðum spiritus, fannst dómsmálastjórninni réttast, að leita álits fjárstjórnarinnar; hún var á sama máli og alþingi um það, að ef lagt yrði sama gjald á óblandaðan spiritus og almennt brennivín, þá mundi líklega af því leiða, að nokkuð yrði flutt til landsins af áfengum spiritus, og gat hún jafnframt þess, að ef rétt aðferð væri við höfð væri blandaður spiritus vel drekkandi, og ekki skaðlegur fyrir heilsu manna, og væri henni kunnugt, að flutzt hefði til Íslands nokkuð af blönduðum spiritus. Á hinn bóginn gat fjárstjórnin eigi fallið á það, sem alþing hafði stungið uppá, til þess að koma í veg fyrir þetta, þar sem af því að eins mundi leiða, að innfluttur yrði mjög áfengur spiritus, sem þó eigi væri með öllu óblandaður; fjárstjórninni fannst, að miða skyldi lægsta gjaldið við 8 stig eptir vinandamæli *Spendrups*, en af því, sem væri áfengara, skyldi greiða hærri gjald, annaðhvort eins fyrir allt eða eptir ýmsum stigum, eptir því hvað áfengt væri; með þessu móti yrði þá nauðsynlegt, að rannsaka drykkjarföngin á Íslandi, í öllu falli ef þau kæmi frá öðrum löndum, en frá Danmörku, því frá þeim mætti skýra svo sem þyrfti í skipaskjöllum. Að því leyti, er snerti gjald á öli, þá hafði fjárstjórnin ekki neitt á móti því, að gjald yrði lagt á það á þann hátt, sem konungsfulltrúi hefði stungið uppá, ef öl væri álitid munaðarvara á Íslandi. Að endingu ræði fjárstjórnin frá því, að taka til greina uppástungu alþingis við 2. grein, með því gjaldið eptir orðum greinarinnar skyldi gildið af öllu því brennivíni, sem í skipinu væri, enda væri það venjulegt, að brennivín, sem ætlað væri handa skipverjum sjálfum, væri tilfært á tollskránni.

Dómsmálastjórnin var að öllu leyti samdóma konungsfulltrúa í því, að sú beiðni alþingis, að frumvarpið yrði eigi gjört að



1872.

26. febrúar.

lögum, fyr en alþing væri búð að fá löggjafarvald og fjárforræði, skyldi ekki tekin til greina, þar sem alþing sjálft hefði játað, að það sæi ekki neinn annan jafnhaganlegan veg til þess að auka tekjur landsins.

Þar sem nú væri endilega ákveðið með lögum 2. janúar 1871, hve mikið tillag skyldi galdið úr ríkissjóðnum til Íslands, og landið hëðan af væri uppá sjálft sig komið, væri það fyrst og fremst áriðandi, að reyna til að auka hinar sêrstaklegu tekjur landsins svo mikið, að nóg fê væri fyrir höndum til þess að framkvæma endurbætur, sem miðuðu til að koma landinu upp. Þetta væri nú hin fyrsta tilraun til þessa, en ef ætti að fresta því, að láta frumvarpið fá lagagildi, þá væri það hið sama sem að fresta sêrhverri viðleitni til að bæta hag landsins þangað til einhvern tíma, því eptir því, hvernig alþing hingað til hefði tekið í stjórnaarskipunarmálið, mundi það mjög óvíst, hvenær það mál yrði útkljáð.

Að því leyti, er snerti frumvarpið sjálft, þá sá dómsmála-stjórnin glögglega, að ef ýmislegt gjald yrði lagt á brennivín eptir því, hvað áfengt það væri, og hveurrar tegundar, þá yrði nauðsynlegt, að rannsaka drykkjarföng þau, sem flyttist til Íslands. En bæði væri það, að menn nú, sem stæði, væri eigi reyndir í þeim efnum á Íslandi, enda mundi það mjög kostnaðarsamt að hafa við slíkt eptirlit, því það yrði að fara fram á öllum þeim 34 löggildu verzlunarstöðum á Íslandi, ef nokkur trygging ætti að vera að því. Reyndar skyldi útlend kaupskip koma við á þeim 6 höfn-um, sem tilteknar eru í lögum 15. apríl 1854, og væri þá hægt að láta rannsóknina ávallt fram fara þar, og að því leyti, er snerti dönsk skip, sem færi beina leið frá Danmörku til Íslands, mætti ef til vildi sleppa henni, þar sem fara mætti eptir því, sem hêr væri sagt til um tollinn; en dönsk skip, sem færi frá útlönd-um til Íslands, eða á leiðinni frá Danmörku kæmi við á höfn í útlöndum, yrði að rannsaka á Íslandi, og gæti þau siglt uppá hverja höfn á Íslandi, sem löggild væri. Að öðru leyti áleit stjórnarráðið, að ekki mundi vera svo hætt við, að kaupmenn flytti til landsins óblandaðan spiritus í staðinn fyrir almennt brennivín, sem alþingi hêldi, því það brennivín, sem búð væri til með því



1872.

26. febrúar.

að blanda spiritus með vatni, yrði síður útgengilegt, og ef reynslan sýndi, að yrði mjög farið í kringum lögin með þessu, væri hvornig sem á staði hægt, að hækka gjald á óblönduðum spiritus.

Að því leyti, er snerti uppástunguna um gjald á öli, þá varð dómsmálastjórnin að vera á þeirri skoðun, að eigi væri næg ástæða til að heimta gjald af því; til Íslands flyttist ekki mikið af því, og mest af því væri án efa hvítt öl, sem eigi yrði talið með áfengum drykkjum, og væri gagnlegt, að það flyttist til landsins, þar eð reynslan hefði sýnt, að öldrykkja hefði dregið úr og hamlað ofnautn brennivíns.

Með tilliti til uppástungu þingsins við 2. grein var dómsmálastjórnin samdóma fjárstjórninni.

Að því leyti, er snerti hinar aðrar uppástungur þingsins, var farið eptir tillögum konungsfulltrúa um þær, samt var gjörð breyting á 10. grein til þess að fara nokkuð eptir uppástungu alþingis um, að orðið: „landsstjórnin“ kæmi í staðinn fyrir: „hlutaðeigandi stjórnarráð“, og var fyrir mælt, að hlutaðeigandi stjórnarráð eða landshöfðingi að undirlagi þess skyldi ákveða reglur um reikningsskil lögreglustjóra. Dómsmálastjórninni leizt, að lagað búið skyldi ekki öðlast gildi, fyr en það gæti orðið birt á manntalsþingum, — en því mundi verða lokið 1. júlím., — þó svo færi, að landssjóðurinn mundi missa mesta part tekjanna af brennivínsgjaldinu á reikningsárinu 1872—73.

Eptir að búið var að gjöra breytingar við frumvarpið samkvæmt því, sem sagt er að framan, lagði stjórnarráðið til í þegnlegri skýrslu sinni um það, að það yrði gjört að lögum.

## 23. Tilskipun um póstmál á Íslandi. (á Íslenzku og Dönsku). 26. febrúar.

Vér Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegulegt álitsskjal Vars trúal þingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar handa Íslandi um póstmál, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið: